



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORVARNARDAGURINN 2012

VERÐLAUNAAFHENDING Á BESSASTÖÐUM

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson afhendir í dag, sunnudaginn 16. desember kl. 15:00, verðlaun og viðurkenningar í ratleik Forvarnardagsins 2012. Athöfnin fer fram á Bessastöðum. Verðlaunahafar eru nemendur í grunnskólum og framhaldsskólum og koma m.a. frá Akranesi, Neskaupstað og Reykjavík. Meðal gesta verða fjölskyldumeðlimir verðlaunahafa og fulltrúar frá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands, Ungmennafélagi Íslands, Skátahreyingunni og öðrum aðstandendum Forvarnardagsins.

Forvarnardagurinn byggir á niðurstöðum íslenskra rannsókna sem sýna hvaða ráð duga best til að koma í veg fyrir að ungmenni verði fíkniefnum að bráð. Þar ber hæst þátttöku í íþrótt- og æskulýðsstarfi, samverustundir með fjölskyldunni og að fresta því sem lengst að neyta áfengis.

Í skólum landsins er víða vel unnið að forvörnum og áhersla lögð á heilbrigt tólmstundastarf enda hefur góður árangur náðst. Á Forvarnardaginn fóru fram umræður nemenda í grunnskólunum og var leitað eftir hugmyndum þeirra og tillögum um nýjungar og breytingar á æskulýðs- og íþróttastarfi, fjölskyldulífi og öðrum þeim þáttum sem eflt geta forvarnir. Hugmyndir og tillögur nemenda voru teknar saman og settar í skýrslu sem birtast mun á vefsíðu dagsins, forvarnardagur.is. Þá gafst nemendum kostur á að taka þátt í ratleik á vefsíðum íþrótt- og ungmennasamtaka.

Forvarnardagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands. Aðrir aðstandendur dagsins eru mennta- og menningarmálaráðuneytið,

Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Rannsóknir og greining og Félag íslenskra framhaldsskóla. Forvarnardagurinn var skipulagður með myndarlegum stuðningi frá lyfjafyrirtækinu Actavis.

16. desember 2012

Nánari upplýsingar veita Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, verkefnisstjóri Forvarnardagsins (863 3631), skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).